

Dagur íslenskrar tungu 2019

Á degi íslenskrar tungu í ár eru fjölmargir með eitthvað á þrjónunum. Allt miðar það að sama marki, að setja íslenskuna í öndvegi.

Á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar, verður haldin opinn viðburður í Gamla bíói þar sem listamenn nokkurra kynslóða tjá sig á íslensku, hver með sínu nefi. Þar koma fram tónlistarmennirnir Hundur í óskilum, GDRN og Auður. Einnig segir Meistari Jakob Birgisson okkur frá sinni samvinnu við málið. Vilhelm Neto er ein af samfélagsmiðlastjörnum samtímans en hann mun halda áfram að taka sinn snúning á íslenskunni. Leikkonan Þuríður Blær Jóhannsdóttir er kynnir á dagskránni sem Karl Ágúst Úlfsson stjórnar.

Mennta- og menningarmálaráðherra veitir við þessa athöfn verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstaka viðurkenning á degi íslenskrar tungu. Mikil stemning hefur skapast fyrir verðlaununum og iðulega ríkir spenna um hver hreppir hnossið, en um peningaverðlaun er að ræða.

Í anddyri Gamla bíós verður hægt að kynna sér verkefni sem tengjast íslenskunni og arfleifð Jónasar Hallgrímssonar, s.s. Eldfjallasjá Veðurstofu Íslands og gagnvirku sýninguna Óravíddir – orðaforðinn í nýju ljósi. Píanóið verður nýtt til að efna til hópsöngs og sýnd verða verk barna í 2. bekk, þar sem þau túlka ýmis forvitnileg orð íslenskunnar, með teikningum.

Þegar myrkrið skellur á, kl. 17 verður ljósahjúpur tónlistarhússins Hörpu vettvangur orðalistaverks.

Þeir sem hafa í hyggju að halda sérstaklega upp á dag íslenskrar tungu geta deilt viðburðum sínum á Facebooksíðuna: Dagur íslenskrar tungu eða sent tölvupóst til eva.maria.jonsdottir@arnastofnun.is og helga.gudrun.johnson@mrn.is